

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 460/2024 um strandveiðar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur: Umsóknir um leyfi til strandveiða skulu berast Fiskistofu fyrir 22. apríl ár hvert og skal í umsókn tilgreina upphafsdag strandveiða innan strandveiðitímabils skv. 1. mgr. 2. gr.
- b. Á eftir 2. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málslíðir sem verða 3. og 4. málsl., svohljóðandi: Um borð í hverri strandveiðiferð skal vera einn einstaklingur sem er lögskráður á skipið og á að lágmarki beint eða óbeint í gegnum lögaðila, meira en 50% eignarhlut í skipinu. Eignarhald skips ræðst af skráningu í skipaskrá Samgöngustofu og eignarhald lögaðila miðast við skráningu raunverulegs eiganda hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.
- c. Í stað "og 2." í 3. málsl. 4. mgr. kemur: til 4.
- d. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsl. sem verður 2. málsl., svohljóðandi: Eigandi lögaðila sem er lögskráður á fiskiskip á standveiðitímabilinu skv. 1. mgr. 2. gr. skal eiga meira en 50% í lögaðilanum.

2. gr.

Við ákvæði 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, sem verður 9. töluliður, svohljóðandi: Skráning aflaupplýsinga við strandveiðar fer fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga, nr. 307/2023. Við vigtnun á hafnarvog skal löggiltur vigtarmaður tengja saman aflaskráningu við það auðkenni sem aflaupplýsingar strandveiðibáts hefur fengið með stafrænni skráningu og skilum skipstjóra úr hverri veiðiferð.

3. gr.

Á eftir orðunum "um stjórn fiskveiða" í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. a. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og 30. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 1. apríl 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Kolbeinn Arnason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.